

Fundargerð 55. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2019, mánudaginn 25. nóvember kl. 13:30 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson og Liv Aase Skarstad.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Rebekka Hilmarsdóttir tók þátt í fundi í gegnum fjarfundabúnað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Áhrif loðnubrests á sveitarfélög - 1907003SU

Tillaga að bókun vegna minnisblaðs um áhrif loðnubrests á sveitarfélög:

"Loðnubrestur á síðustu vertíð er eitt mesta áfall sem dunið hefur á sjávarútvegssveitarfélögum undanfarin ár. Áætlað tekjutap sveitarfélaga sem harðast urðu úti er samtals rúmar 500 mkr.

Slíkt tekjutap hefur haft mikil áhrif á rekstur sveitarfélaganna á árinu og gert þeim erfiðara fyrir að veita íbúum þjónustu. Áhrifin koma misjafnlega niður og harðast á þeim sveitarfélögum sem búa við einhæft atvinnulíf. Tækifæri þeirra sveitarfélaga til að afla annarra tekna til að vega á móti tapinu eru takmörkuð, og fá tækifæri fyrir íbúa til að finna aðra atvinnu við hæfi. Miklu skiptir að rannsóknir á vistfræði og umhverfisþáttum sem lúta að lífsskilyrðum á loðnu og loðnuveiðum séu ætíð byggðar á bestu fánlegu tækni og þekkingu. Mælingar á loðnu nú í haust voru langt undir viðmiðunarmörkum og að óbreyttu er ekki útlit fyrir loðnuvertíð í vetur og yrði það þá annað árið í röð sem engar loðnuveiðar yrðu stundaðar við landið.

Stefna Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga er að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra í öllum málum sem tengjast nýtingu sjávarauðlindarinnar í veiðum og vinnslu.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga ítrekar þá kröfu sína að sjávarútvegssveitarfélög fái hlutdeild í tekjum af auðlindanýtingu í sjávarútvegi til þess að geta tekist á við þær sveiflur sem eru óumflýjanlegar í rekstri sem byggir á nýtingu auðlindarinnar og til að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf. Það á ekki síst við um sveitarfélög sem byggja á uppsjávarveiðum og vinnslu, þar sem óvissa er enn meiri en við veiðar og vinnslu á bolfiski."

Bókun samþykkt.

2. Endurskoðun á hafnalögum vegna breyttrar nýtingar hafna - 1911001SU

Formaður greinir frá fundi með fulltrúum frá Hafnasambandi og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Formaður greindi frá fundi með SFS og Hafnasambandinu sem haldinn var þann 25.11.2019. Tilgangur fundar var að ræða sameiginlega hagsmuni aðila vegna gjaldtöku hafna. Niðurstaða þess fundar var að aðilar ætla að hittast aftur í janúar 2020 og m.a. ræða möguleika á samræmdri aðferðafræði vegna gjaldtöku í höfnum.

3. Vinnulag vegna umsagna - 1911002SU

Tekið upp að nýju bókun stjórnar sem samþykkt var á fundi stjórnar 2. október 2019, en þá var rætt um að koma á fastmótuðu vinnulagi með Sambandi Íslenskra sveitarfélaga við gerð umsagna er varða sjávarútvegssveitarfélög þannig að þær umsagnir séu unnar í samráði við stjórn samtakanna.

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins mætir á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Vigdís greindi frá núverandi fyrirkomulagi og útteilingu verkefna. Lögfræðingur hefur samband við formann stjórnar eða starfsmann samtakanna vegna umsagna sem snerta sjávarútvegssveitarfélög og eru í vinnslu.

Samþykkt að leggja fram bókun um formlegt ferli vegna ofangreindra umsagna á næsta stjórnarfundum.

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á Lögfræði- og velferðarsviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga sat þennan dagskrárlið.

Fundi var slitið kl. 14:10

Gauti Jóhannesson

Baldur Smári Einarsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Fannar Jónasson

Liv Aase Skarstad

